

Námshgrein: Danska

7. bekkur

Kennari: Nanna Möller

Tímafjöldi á viku: 1 klukkustund.

Námsefni: Til grundvallar kennslu verður bókinn *SMART* eftir Ásdísi Lovísu Grétardóttur og Ernu Jessen. Þar að auki verða ýmis önnur verkefni unnin sem fléttast inn í námsefni bókarinnar svo sem rafræn verkefni, hópaverkefni, munnlegar æfingar, hlustanir, ritanir, samskiptaæfingar og kynningar. Þar að auki horfa nemendur á danska þætti og kvikmynd.

Kennsluáferðir og skipulag: Innlögn kennara, umræður, samvinna, einstaklingsvinna og námsleikir. Í tímum er lögð áhersla á þátttöku, vönduð vinnubrögð og umræður.

Námsmat: Símat. Unnin verða ýmis konar verkefni sem og að þátttaka og virkni í kennslustundum fer inn í matið. Mat hæfniviðmiða birt á Mentor jafnóðum.

Hjálpargögn fyrir nemendur:

Orðabækur á netinu: www.islex.is og www.snara.is

Réttritunarorðabók: www.ordnet.dk

Rafrænt efni með SMART: [lesbók](#), [hljóðbók](#), [hlustunaræfingar](#).

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersla er lögð á:
Læsi	Að nemendur geti lesið ólíka texta og beitt mismunandi lestraraðferðum. Að nemendur geti skrifað einfaldar setningar á dönsku. Að nemendur séu læsir á umhverfi sitt.
Sjálfbærni	Að nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt. Að nemendur læri að beita þeim björgum sem í boði eru í tungumálanámi.
Heilbrigði og velferð	Að nemendur upplifi jákvætt andrúmsloft. Að nemendur taki sjálfstæðar ákvarðanir í námi og verkefnavali út frá áhuga sínum.
Lýðræði og mannréttindi	Að nemendur fái að hafa áhrif á hvaða efni sé tekið fyrir og hvernig það sé gert.

	Að tekið sé tillit til tilfinninga og líðan nemenda dag frá degi. Að styrkleikar hvers og eins nemanda fái að njóta sín.
Jafnrétti	Að öllum nemendum sé mætt á jafningjagrundvelli hverju sinni. Að komið sé til móts við alla nemendur hvað námsefni, verkefnaval o.fl. varðar.
Sköpun	Að nemendur fái tækifæri til að koma með hugmyndir af verkefnum. Að nemendur fái tækifæri til þess að nýta sköpunargáfur sínar í fjölbreyttum verkefnum.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið* 1. stig
<p>Hlustun: skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.</p> <p>Lesskilningur: lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.</p> <p>Samskipti: haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum.</p> <p>Frásögn: í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum.</p> <p>Ritun: skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki.</p> <p>Meningarlæsi: sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.</p> <p>Námshæfni: sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf.</p> <p>*Hæfniviðmið er unnin í smærri markmiðum.</p>